

Alþingi
Erindi nr. Þ 133/1321
komudagur 1.3.2007

SFF
SAMTÖKFJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA
Icelandic Financial Services Association

Reykjavík, 28. febrúar 2007

Nefndasvið Alþingis
bt. efnahags- og viðskiptanefndar
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á lagaákv. um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði (523. mál)

Vísað er til umsagnarbeiðni efnahags- og viðskiptanefndar um frv. til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög á fjármálamarkaði (523. mál) sem send var Samtökum fjármálafyrirtækja (SFF) með bréfi dags. 1. febrúar sl. Hvorki SFF, né forverar þeirra (SBV og SÍT), vissu af því að þessi vinna hefði verið í gangi fyrr en samtökin voru boðuð á fund í viðskiptaráðuneytinu í byrjun nóvember, þar sem drög að slíku frumvarpi, sem og frv. til breytinga á samkeppnislögum, voru kynnt. Í kynningu á málinu hjá fulltrúum ráðuneytis kom fram að frumvarpið væri afrakstur vinnu starfshóps stjórnvalda sem unnið hefði að þessu síðustu tvö ár og að ætlunin væri að fara með málið fyrir ríkisstjórn viku eftir kynningarfundinn. Athugasemdir hagsmunaaðila þyrftu því að berast innan fárra daga.

Þáverandi samtök (SBV) mótmæltu þessum vinnubrögðum harðlega, enda um viðamikil mál að ræða sem þyrfti að skoðast mun betur. SBV skiluðu ráðuneytinu umsögn um málið 10. nóvember 2006. Í ljósi verulegra athugasemda samtakanna fengu þau í framhaldi af því tíma til að leggja betur yfir málið. Síðari umsögn SBV, með ítarlegum ábendingum, var send ráðuneytinu 4. desember sl.

Þótt tekið hafi verið tillit til hluta þeirra athugasemda sem SBV settu fram, svo sem að horfið hafi verið frá skyldu til sektarákvörðunar og fyrningartími stytur til samræmis við ábendingar SBV, eru enn útstandandi mörg atriði í fyrirliggjandi frumvarpi sem Samtök fjármálafyrirtækja telja þörf breytingar á. Verða þær áherslur SFF raktar hér í framhaldinu.

A. Ákvæði sem ekki geta myndað refsigrundvöll

SFF leggja til að all nokkur ákvæði sem refsing er lögð við samkvæmt frumvarpinu verði felld þar út. Mörg ákvæði laga á fjármálamarkaði geyma almennar háttæknireglur sem fela í sér skyldu til að framkvæma viðskipti eða haga starfsemi í samræmi við bestu framkvæmd. Mörg þessara ákvæða eiga það sammerkt að fela í sér óljósar skyldur sem þarf að fylla og skýra með reglugerðum eða reglum, tilmælum Fjármálaeftirlitsins, innri starfsreglum fjármálafyrirtækja, verkferlum og leiðbeiningum. Slík ákvæði geta seint talist vel til þess fallin að vera refsiakvæði en ættu að vera tilefni til ábendinga og athugasemda af hálfu Fjármálaeftirlitsins, telji það að illa sé staðið að málum. Fjármálaeftirlitið hefur heimildir til

að gera athugasemdir sínar opinberar. Taki fjármálafyrirtæki ekki tillit til slíkra athugasemda getur viðkomandi fjármálafyrirtæki svert orðspor sitt.

Þá má ekki gleyma einkaréttarlegum viðurlögum, þ.e. að afleiðingar þess að háttænisreglum er ekki fylgt geta verið margvíslegar, en oft getur slíkt leitt til tjóns fyrir viðskiptavinum fjármálafyrirtækis. Ljóst er að fjármálafyrirtækin sjálf bera því mestan hag af því að slíkar háttænisreglur séu virtar. Orðspor fjármálafyrirtækja er ein dýrmætasta eign þeirra, enda fá þau ekki þrifist ef viðskiptavinir leita annað.

Fjármálafyrirtækin geta einnig sjálf orðið fyrir fjárhagslegu tjóni ef reglum er ekki fylgt. Kvartanir viðskiptavina eru teknar alvarlega og leitast er við að meta hvar sökin liggur. Almenn leitast fjármálafyrirtæki við að leysa úr ágreiningi við sína viðskiptavini fremur en að láta reyna á hvort þau losni undan bótaábyrgð. Kemur þar til orðsporsáætta en einnig mat á væntanlegri niðurstöðu fyrir dómstólum. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki er starfandi og unnt er að leggja mál fyrir hana. Fjármálafyrirtæki hafa almennt skuldbundið sig til að fylgja niðurstöðum nefndarinnar. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar er ekki bindandi og getur sá sem telur á sér brotið leitað réttar síns hjá dómstólum sætti hann sig ekki við niðurstöðu úrskurðarnefndarinnar. Fjármálafyrirtæki eru yfirleitt í þeirri stöðu að vera sterkari aðilinn í þeim skilningi að búa yfir meiri sérfræðipekkingu, bera skyldur til að ganga frá viðskiptum með ákveðnum hætti, hafa sterkari efnahag o.s.frv. heldur en viðskiptavinurinn. Við mat úrskurðarnefndar og dómstóla um mál sem viðskiptavinir höfða gegn fjármálafyrirtæki er sérfræðingurinn almennt látinn bera hallann af því að reglum var ekki fylgt. Talið er eðlilegt að bótaábyrgð falli fremur á fjármálafyrirtæki, eða starfsmann þess, en viðskiptavininn hafi tjón hlotist af háttsemi. Framangreind einkaréttarlegu áhrif hvetja fjármálafyrirtæki til að gæta þess að starfsmenn fylgi settum reglum. Fullyrða má að sams konar hvatning er til staðar fyrir starfsmenn því brot í starfi hafa áhrif á starfsframa, varða áminningu eða brottvikningu, allt eftir alvarleika þeirra. Fjármálafyrirtæki hafa eftirlitsdeildir á ýmsum sviðum sem hafa að markmiði að takmarka tjón fjármálafyrirtækis og viðskiptavina þess. Nefna má útlánaeftirlit, regluvörð, innri endurskoðanda, áhættustýringu, rekstraráhættudeild o.s.frv. Starfsmönnum er ljóst að þessir aðilar, yfirstjórnar fjármálafyrirtækis, líða ekki þá áhættu sem í því felst að lögum og reglum sé ekki fylgt.

Þau lagaákvæði sem SFF telja að fella ætti brott úr frumvarpinu af ofangreindum ástæðum eru talin upp hér að neðan. Um rökstuðning vísast almennt til framangreinds, en viðbótar rökstuðningur er settur fram eftir atvikum. Greinarnúmer eru núverandi greinar í viðkomandi lögum en athugasemdir eiga bæði við um refsingar í formi stjórnvaldssekta og sekta í opinberu máli, sbr. t.d. 1. gr. og 5. gr. í frv. að því er varðar lög um verðbréfavíðskipti.

1. kafli frv. - Ákvæði í lögum um verðbréfavíðskipti, sem ekki geta verið refsigrundvöllur

Úr 2. efnismgr. 1. gr. frv.

4. gr. - ákvæði of almennt og matskennt og felur ekki í sér ákveðna skyldu.
5. gr. - ákvæði of almennt og matskennt.
6. gr. - ákvæði of almennt og matskennt.
7. gr. - einkaréttarleg áhrif myndu nægja hér, þ.e. að láta fjármálafyrirtæki bera halla af skorti á sönnun auk þess sem Fjármálaeftirlitið gæti gert athugasemdir við framkvæmd.
8. gr. - einkaréttarleg áhrif nægja.
9. gr. - ákvæði of almennt og matskennt og felur ekki í sér ákveðna skyldu.
11. gr. - ákvæðið er aðallega heimildaákvæði og ætti ekki að vera refsigrundvöllur.

12. gr. - ákvæðið er aðallega heimildaákvæði og ætti ekki að vera refsigrundvöllur.
13. gr. - Kínamúrar og uppsetning þeirra er mikil fræðigrein og álitæfnin mörg. Getur ein setning verið grundvöllur refsíabýrgðar? Ákvæðið er of almennt og matskennt. Fjármálaeftirlitið getur gert athugasemdir og krafist úrbóta telji það uppsetningu Kínamúra ábótavant. Hættan er sú að séu kínamúrar ófullnægjandi geti félagið og starfsmenn gerst sekir um innherjasvik eða markaðsmisnotkun, sem eru og ættu að vera refsíheimildir, sökum gáleysis. Slíkt getur valdið fjármálafyrirtækinu miklu fjárhagslegu tjóni.
14. gr. - ákvæði of almennt og matskennt og felur ekki í sér ákveðna skyldu.
15. gr. - ákvæði of almennt og matskennt. Erfitt er í framkvæmd að líta á þetta sem refsíákvæði og önnur úrræði Fjármálaeftirlitsins ættu að nægja til að knýja á um að þessu ákvæði sé fylgt.

Í samræmi við ofangreint telja SFF að 10. og 16. gr. laga um verðbréfavíðskipti séu einu ákvæðin sem vísað er til í 2. efnismgr. 1. gr. frv. sem til álita koma sem refsíákvæði úr II. kafla þeirra laga. Tekið skal fram að hvað varðar 4.-9. gr. og 11.-15. gr. telja SFF ekki eiga að vera nægjanlegt sem refsigrundvöllur jafnvel þótt fram komi að brotið sé gróflega og ítrekað gegn háttsemi sem ákvæðin mæla fyrir um, þar sem ákvæðin eru í eðli sínu það matskennd. Í slíkum tilvikum kæmu einkaréttarleg viðurlög, þ.e. orðsporshætta fjármálafyrirtækisins líka strax til.

Úr 1. efnismgr. 1. gr. frv. – sjá 12. tölul.

Þá fjallar 44. gr. VVL um breytingar á tilboði. Hér er um heimildarákvæði að ræða sem tæpast getur orðið refsigrundvöllur.

II. kafli frv. - Lög um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002

Úr 2. efnismgr. 7. gr. frv.

19. gr. – ákvæði of almennt og matskennt og felur ekki í sér ákveðna skyldu.

Úr 1. efnismgr. 7. gr. frv.

20.-27. gr. – flest ákvæði í þessari upptalningu eru heimildarákvæði og fela ekki í sér almenna skyldu. Vakin er athygli á þessu en þessi ákvæði eru refsíheimildir nú þegar.

56. gr. – ákvörðun um stjórnarsetu framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækis varðar hagsmuni fyrirtækisins sjálfs en ekki almannahagsmuni. Ekki verður séð þörf á að kveða á um refsingu við brot á þessu ákvæði.

Sambærilegar athugasemdir og fram koma að fram eiga við um kafla III.-VII., að breyttu breytanda. Hvað varðar kafla III og IV taka SFF undir athugasemdir OMX og Verðbréfasráningar Íslands.

B. Fjárhæð sekta

1. gr., sbr. 7. gr., sbr. 11. gr., sbr. 12. gr. sbr. 14. gr., sbr. 18. gr., sbr. 20. gr. frumvarpsins er varða 74. gr. l. nr. 22/2003, 110. gr. l. nr. 161/2002, 42. gr. l. nr. 34/1998, 34. gr. l. nr. 131/1997, 68. gr. l. nr. 30/2003, 99. gr. l. nr. 60/1994, og 62. gr. l. nr. 32/2005, gera ráð fyrir því að FME sé heimilt að leggja stjórnvaldssektir á lögaðila og einstaklinga sem nema allt að kr. 50 milljónum í tilfelli lögaðila og allt að kr. 20 milljónum í tilfelli einstaklinga.

Í greinargerð með frumvarpsdrögum segir að beiting stjórnvaldssekta hafi reynst vel en fjárhæðir verið of lágar. Framangreint orðalag felur í sér þversögn. Hafi stjórnvaldssektirnar reynst vel getur vart verið að fjárhæðirnar hafi verið of lágar, ella hefðu stjórnvaldssektirnar reynst illa. Undir það skal tekið að beiting stjórnvaldssekta virðist hafa tekist vel og hafa náð markmiði sínu. Engin rök koma hins vegar fram fyrir þeirri fullyrðingu að sektarfjárhæðir séu of lágar. Sú spurning hlýtur að vakna hvaða markmiðum hærri sektarfjárhæðum er ætlað að ná ef stjórnvaldssektir innan núverandi fjárhæðaramma hafa reynst vel.

Enn fremur virðast fjárhæðarmörk stjórnvaldssekta úr lausu lofti gripin, enda er ekki orð að finna í greinargerð með frumvarpinu sem varpar á það ljósi hvers vegna umrædd fjárhæðarmörk urðu fyrir valinu en frekar en önnur. Samkvæmt gildandi lögum geta stjórnvaldssektir FME hæst numið allt að kr. 2 milljónum, hvort sem um er að ræða einstakling eða lögaðila. Það er þannig mjög skrýtið að ætla að tífalda hámarkssektir einstaklinga og tuttuguogfimmfalda hámarkssektir á lögaðila í einni svipan. Ekki er vitað til þess að það eigi sér nein fordæmi að veita heimild til að leggja kr. 20 milljón sektir á einstaklinga sem e.t.v. hafa engan ábata haft af broti.

Í ljósi ofangreinds er því lagt til að sektarfjárhæðum verið haldið óbreyttum eða þær hækkaðar í samræmi við verðlag eða viðlíka áþreifanlega mælikvarða. Raunverðmæti sekta haldist þannig óbreytt, a.m.k. hvað einstaklinga varðar og að hámark verði ekki meira en kr. 10 milljónir hvað lögaðila varðar.

C. Fangelsisvist

5. gr., sbr. 10. gr., sbr. 11. gr., sbr. 13. gr. sbr. 17. gr., sbr. 19. gr., sbr. 21. gr. frumvarpsins er varða 78. gr. l. nr. 22/2003, 112. gr. b. l. nr. 161/2002, 46. gr. l. nr. 34/1998, 34. gr. d. l. nr. 131/1997, 70. gr. b. l. nr. 30/2003, 99. gr. d. l. nr. 60/1994 og 62. gr. d. l. nr. 32/2005, segir að það varði allt að tveggja ára fangelsisvist, liggi þyngrri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, sé brotið gegn ákvæðum tiltekinna laganna sem vísað er til í framangreindum ákvæðum. Refsihámark samkvæmt gildandi lögum er 1 ár og því um tvöföldun að ræða. Þá segir í 6. gr. frumvarpsins, er varðar 78. gr. a. l. nr. 33/2003, að brot gegn nánar tilteknum ákvæðum l. nr. 33/2003 varði allt að sex ára fangelsi, liggi ekki þyngrri refsing við broti samkvæmt öðrum lögum. Refsihámark samkvæmt gildandi lögum er 2 ár og því um þreföldun að ræða á refsirammaum í þessu tilviki. Hér er því um að ræða verulega þyngingu refsingar sem ekki verður séð að eigi rétt á sér.

Að mati SFF á það að vera meginregla að brot á lögum á fjármálamarkaði varði sektum. Starfsmaður fjármálafyrirtækis á aðeins að sæta fangelsisvist brjóti viðkomandi starfsmaður af sér án heimildar eða vitneskju fyrirtækisins eða hann auðgist eða hafi persónulegan ávinning af brotinu. Þá verður að mati SFF að einskorða refsingar starfsmanna fjármálafyrirtækja við að huglægt skilyrði um ásetning eða stórkostlegt gáleysi sé uppfyllt. Hvergi kemur fram í frumvarpinu hvaða saknæmisskilyrði þurfi að vera uppfyllt og verður slíkt að teljast óæskilegt sé miðað við kröfur um skýrleika refsheimilda. Samkvæmt meginreglu refsiréttar um sérrefsilög, að gagnálykta verði frá 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og að í sérrefsilögum sé ásetningur og gáleysi lagt að jöfnu nema sérstaklega sé kveðið á um annað, nægir einfalt gáleysi til refsingar á einstaklingum við brotum á lögum sem gilda á fjármálamarkaði. Þá verður að vísa til stjórnendaábyrgðar stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, jafnt skaðabóta- og refsíábyrgðar, samkvæmt ákvæðum laga um hlutafélög, nr. 2/1995.

Hvorki kemur fram í frumvarpinu hvers vegna verið sé að hækka refsirammann né hvers vegna brot gegn mun fleiri ákvæðum varði refsingu en samkvæmt gildandi lögum. Engan samanburð er heldur að finna í frumvarpinu sem rennir stoðum undir þessa hækkun refsirammanna, hvorki við önnur sérlög né við þau lönd sem við berum okkur saman við. Sem dæmi má nefna að í 120. gr. laga um ársreikninga, nr. 3/2006, er kveðið á um fésektir sé brotið gegn tilteknum ákvæðum laganna og ennfremur allt að sex ára fangelsisvist sé brotið gegn öðrum tilteknum ákvæðum laganna. Vakin er athygli á því að gerður er áskilnaður um ásetning eða stórfellt gáleysi í framangreindu ákvæði laga um ársreikninga. Þá verður að benda á að skv. XVIII. kafla laga um hlutafélög, nr. 2/1995, er refsiramminn í flestum tilfellum tvö ár og í einu tilviki eitt ár. Bent er á að talað er um vísvitandi brot í hlutafélagalögunum og þar með skýran ásetning. Lög um tekjuskatt, nr. 90/2003, hafa að geyma refsíákvæði í 109. gr. laganna sé brotið gegn ákvæðum laganna. Þar er kveðið á um fésektir og allt að tveggja ára fangelsisvist. Einnig er í sumum tilvikum vísað til að refsing fari eftir ákvæðum almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Sérstaklega skal benda á að í flestum tilvikum er gerður áskilnaður um ásetning eða stórkostlegt hirðuleysi.

Af framangreindu má draga þá ályktun að hækkun refsirammans skv. fyrirbyggjandi frumvarpi er úr takti við sérrefsíákvæði annarra laga sem mikilvæg eru fyrir íslenskan fjármálamarkað og viðskipti. Keyrt er fram úr hófi auk þess sem ekki er gerður nægilega skýr greinarmunur á ásetningi og gáleysi.

SFF leggja til að framangreind ákvæði frumvarpsins er varða fangelsisvistun verði breytt með eftirfarandi hætti:

1. Að gert verið að skilyrði að brot sé framið af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi
2. Að starfsmaður eða stjórnarmaður fjármálafyrirtækis sæti aðeins fangelsisvist séu sakir miklar og brot viðkomandi sé framið án heimildar eða vitneskju fjármálafyrirtækis eða viðkomandi auðgíst eða hafi persónulegan ávinning af brotinu.
3. Að refsihámark verði óbreytt.

D. Gáleysisbrot

1. gr., sbr. 7. gr., sbr. 11. gr., sbr. 12. gr. sbr. 14. gr., sbr. 18. gr., sbr. 20. gr. frumvarpsins er varða 74. gr. 1. nr. 22/2003, 110. gr. 1. nr. 161/2002, 42. gr. 1. nr. 34/1998, 34. gr. 1. nr. 131/1997, 68. gr. 1. nr. 30/2003, 99. gr. 1. nr. 60/1994 og 62. gr. 1. nr. 32/2005 gera ráð fyrir sama sektarfjárhæðaramma vegna ásetnings- og gáleysisbrota. Í ljósi þess hversu leiðarsteinar sömu ákvæða eru óskýrir og teygjanlegir varðandi sjónarmið við ákvörðun um sektarfjárhæð, verður að telja að eðlilegt sé að skipta ásetningsbrotum og gáleysisbrotum í tvo flokka hvað sektarfjárhæðir varðar, þar sem sektir vegna gáleysisbrota gætu numið allt að helmingi þess sektarramma sem að framan er lagður til, en ásetningsbrot gætu varðað sektum sem færu upp í efri mörk rammans. Ekki er nóg að taka fram í athugasemdum í frumvarpi að ljóst sé að stjórnvaldssektir fyrir gáleysisbrot verða almennt lægri en fyrir ásetningsbrot, sbr. t.d. aths. í greinargerð við 4. mgr. 1. gr. frumvarpsins.

E. Kærunefnd endurvakin

Grunnurinn að því nefndarstarfi sem þetta frumvarp er sagt byggt á var að skýra betur hlutverkaskiptingu lögreglu og eftirlitsaðila. SFF telja mikilvægt að hlutverk þessara aðila séu

skýr. Hins vegar er mjög mikilvægt að ef auknar heimildir til íþyngjandi ákvarðana eru færðar á stjórnvaldsaðila, sé samhliða tryggt eðlilegt jafnræði með því að veita þeim aðilum sem íþyngjandi ákvarðanir geta bitnað á möguleika á að leita réttar síns á stjórnslustigi.

Ljóst er að með frumvarpinu er verið að veita Fjármálaeftirlitinu stórkostlega auknar heimildir til að leggja sektir á einstaklinga og lögaðila á fjármálamarkaði. Refsingar eru einnig þyngdar mjög. Þegar litið er til þess að um stjórnsluviðurlög er að ræða þar sem rannsóknaraðili situr einnig í dómarsæti og ekki er lengur unnt að skjóta málum til kærunefndar verður að telja að með frumvarpinu sé réttarvernd nánast algerlega fyrir borð borin.

Rétt er að fjalla hér sérstaklega um niðurfellingu ákvæða um kærunefnd sem samþykkt var á Alþingi síðastliðið vor. Ástæða þess að ráðuneyti og Fjármálaeftirlit lögðu fram það frumvarp var sú að samkvæmt greinargerð voru þessir aðilar ósáttir við niðurstöðu í ákveðnu ágreiningsmáli sem fyrir nefndina hafði komið, en niðurstaða þess var Fjármálaeftirlitinu í óhag. Gerðar voru breytingar á þeim lagaákvæðum sem um var deilt í málinu en það þótti ekki nægilegt heldur var nefndin einnig felld niður. Ráðuneytið sjálft skipaði nefndina og hefði væntanlega getað skipt um nefndarmenn ef þeir fyrri höfðu ekki næga þekkingu til að leiða mál til lykta í samræmi við gildandi lög. Einnig hefði verið ásættanlegur kostur að heimila Fjármálaeftirlitinu málskot til dómstóla í slíkum málum.

Hætt er við að sektarákvörðunum fjölgi stórkostlega verði þetta frumvarp að lögum og jafnvel í þeim mæli að eðlilegt teljist að aðilar á markaði beri á bakinu einhvern fjölda viðurlagaákvæðana sem þeir hafa sætt fyrir smávægilegar sakir. Hætta er á að varnaðaráhrif geti minnkað við slíkt og breytingin þar með haft lítil sem engin áhrif á íslenskum markaði. Slík viðurlög geta hins vegar haft mikil áhrif á þau fjármálafyrirtæki sem eru orðin eða að verða alþjóðleg í sinni starfsemi og þurfa að gera mörgum aðilum, s.s. eftirlitsaðilum í öðrum löndum eða lánveitendum sínum, grein fyrir slíkum tilvikum og skýra þau út. Hafa frumvarpshöfundar spurt sig hvaða áhrif slíkt getur haft á áreiðanleika íslensks fjármálamarkaðar í augum erlendra aðila?

SFF telja mikilvægt að framangreind kærunefnd verði endurvakin samhliða þeim breytingum sem frumvarpið ráðgerir.

F. Samanburður við önnur lönd

Ekki er að finna í frumvarpinu umfjöllun um að verið sé að fara sambærilega leið í þessum málum og gert er í þeim löndum sem Ísland ber sig helst saman við, s.s. hin Norðurlöndin eða Bretlandi. SFF leggja til að það verði gert áður en frumvarpið verður lögfest.

G. Sending mála milli Fjármálaeftirlitsins og lögreglu


6. gr., sbr. 10. gr., sbr. 11. gr., sbr. 13. gr. sbr. 17. gr., sbr. 19. gr., sbr. 21. gr. frumvarpsins er varða 78. gr. c. l. nr. 22/2003, 112. gr. d. l. nr. 161/2002, 48. gr. l. nr. 34/1998, 34. gr. f. l. nr. 131/1997, 70. gr. d. l. nr. 30/2003, 99. gr. f. l. nr. 60/1994, og 62. gr. f. l. nr. 32/2005, gera ráð fyrir því að Fjármálaeftirlitinu sé heimilt að kæra til lögreglu brot gegn viðkomandi lögum. Ennfremur kemur fram að telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsluviðurlögum getur ákærandi endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

Sú spurning vaknar hvað gerist ef lögregla endursendir mál sem Fjármálaeftirlitið hefur áður sent lögreglu, þar sem lögreglan telur ekki um alvarlegt brot að ræða. Væntanlega myndi Fjármálaeftirlitið þá hneygjast til að leggja á hæstu viðurlög sem það hefur heimild til, þar sem það mat brotið upphaflega það alvarlegt að það yrði sent til lögreglu. SFF telja að útfærslan verði að vera þannig að eftir að Fjármálaeftirlitið hefur sent mál frá sér til lögreglu verði það ekki aftur endursent til Fjármálaeftirlitsins.

H. Lokaorð

SFF styðja heilshugar skýrari verkaskiptingu milli lögreglu og eftirlitsaðila, í samræmi við upphaflegan tilgang vinnu þeirrar nefndar sem þetta frumvarp og frumvarp til breytingar á samkeppnislögum eru sprottin af. Hins vegar virðast menn eitthvað hafa farið fram úr sér í þeirri vinnu, sem leiddi til framlagningar risabandorms um hert viðurlög við brotum á fjármálamarkaðslöggjöf, án þess að nægilega væri gaumgæft að eðlilegu samhengi hlutanna. Í ljósi þess að frumvarpið ráðgerir að stóraukin völd verði færð til Fjármálaeftirlitsins, verður heldur ekki hjá því komist að endurvekja samhliða kærunefnd gagnvart FME, sem lögð var af með breytingum á lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi síðastliðið vor (556. mál – 132. löggjafarþing), til að eðlileg réttaröryggissjónarmið á stjórnsýslustigi geti talist eiga við á Íslandi.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri